

Ra Tack

Residency for LGBTQIA+ artists and activists at Heima

Heima Collective vill vekja athygli á mikilvægi hinsegin samfélags á Austurlandi með dvalar- og fræðsludagskrá fyrir listamenn og aðgerðarsinna úr LGBTQIA+ samfélaginu. Gestavinnustofan miðar að því að veita hinsegin listamönnum og aðgerðasinnum víðsvegar að úr heiminum lista- og menningartækifæri með því að skiptast á og deila listrænni þekkingu, sýningum, gjörningum og vinnustofum fyrir hinsegin ungmenni.

Sveinn Kristján Ingimarsson

Sumartónleikar Djúpavogskirkju

Sumartónleikar Djúpavogskirkju 2024 er tónleikaröð þar sem boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá. Um er að ræða 4-5 tónleika þar sem fram koma bæði listafólk frá Djúpavogi og nágrenni en einnig fólk annar staðar frá. Efnistökin verða fjölbreytt, bæði hvað varðar stefnur og flytjendur.

Bláa kirkjan sumartónleikar

Sumartónleikaröð Bláu kirkjunnar 2024

Haldnir verða 5-6 tónleikar sumarið 2024 og munu tónleikarnir að venju fara fram á miðvikudagskvöldum í júlí og fram í ágúst. Í gegnum tíðina hafa flytjendur mestmegnis verið íslenskir en þó hefur alltaf verið lagður metnaður í að bjóða erlent tónlistarfólk velkomið. Alls sóttu 20 listamenn um að koma frá á tónleikaröðinni.

Móðir Jörð

Skógargleðin í Vallanesi 2024

Skógargleðin í Vallanesi verður haldin í 12.sinn þann 11.ágúst 2024. Skógargleðin er menningarviðburður með aðaláherslu á skóginn sem umgjörð og upplifun, enda er útivistargildi skógarins mikil auðlind á Héraði. Dagskráin er fyrir alla aldurshópa; leiklist, tónlist, kennsla í tálgun og matarmenning frá Móður Jörð. Einnig tónlistaratriði og upplestur í Vallaneskirkju og matarmarkaður í Asparhúsinu.

Blábjörg ehf.

Menningarferð á Borgarfjörð eystri

Menningarferðin gengur út á að útfæra menningardag á Borgarfirði eystri. Menningarferðin sameinar fjölda ólíkra listgreina og innifelur ferðin tónleika, lista- og handverkssýningar. Lögð verður áhersla á gagnvirk listaverk eða listaverk sem nýta upplifunartækni.

Skaftfell

Miðsumarhátíð á Seyðisfirði

Miðsumarhátíð á Seyðisfirði er götuhátíð sem haldin er utandyra fyrir framan Skaftfell. Viðburðurinn er skemmtun fyrir íbúa nærsamfélagsins og vettvangur alls kyns hefða, í tengslum við sumarsólstöðu, sem fólk flytur með sér héðan og þaðan. Reynt er að höfða til sem breiðasta hóps nærsamfélagsins hvað varðar aldur, kyn og bakgrunn. Öllum er velkomið að taka þátt. Markmiðið er að kynnast ólíkum menningarhefðum, gleðjast og skemmta sér.

Dísa María Egilsdóttir

Ævintýri // List án landamæra

Verkefnið miðar að því að færa saman fólk á öllum stigum samfélagsins í gegnum list; fatlaða og ófatlaða, menntaða listamenn og leikmenn á öllum aldri. Verkefnið hefst með þróunarvinnu og endar á sýningu í Sláturhúsinu þar sem fjölbreytileika manneskjunnar og samfélagsins er fagnað. Verkefnið er hugsað sem hluti af List án landamæra.

Minjasafn Austurlands

Kjarval á Austurlandi

Verkefnið Kjarval á Austurlandi snýst um að draga fram tengsl Jóhannesar Kjarval við Austurland með því að setja upp þrjár sýningar sem allar hverfast um listamanninn. Verkefnið er samstarfsverkefni þar sem Minjasafn Austurlands mun setja upp sýningu með munum Kjarvals, Sláturhúsið mun setja upp leiksýninguna Kjarval í samstarfi við Borgarleikshúsið og Skaftfell mun sýna verk eftir Kjarval. Jafnframt verða þróuð fræðsluverkefni fyrir börn og ungmenni.

Kór Egilsstaðakirkju

Tónlistarflutningur í Egilsstaðakirkju

Vortónleikar og tónleikar á aðventu auk tónleikaferðar innanlands. Tónlistarflutningur tengdur helgihaldi í Egilsstaðasókn auk þess sem kórinn hefur nú tekið upp á þá nýbreytni að bjóða upp á tónlist utan kirkjunnar; svo sem í verslunum og á almannafæri.

Sigríður Matthíasdóttir

Stutt heimildamynd um ævi og störf seyðfirsku mæðgnanna og kvenréttindafrömuðanna Sigríðar Þorsteinsdóttur og Ingibjargar Skaptadóttur

Stutt heimildamynd um ævi og störf seyðfirsku mæðgnanna og kvenréttindafrömuðanna Sigríðar Þorsteinsdóttur og Ingibjargar Skaptadóttur. Myndbandið byggir á viðtölum og eldra myndefni. Myndin verður sýnd á kvenna- og kynjasöguráðstefnu sem haldin verður á Austurlandi í júní 2024 auk þess sem Tækniminjasafnið mun nýta hana í miðlun sinni á stafrænum miðlum og í sýningum.

Sinfóníuhljómsveit Austurlands

-forStargazer-

Sinfóníuhljómsveit Austurlands heldur tónleika þann 21. apríl 2024 þar sem á dagskrá er frumflutningur verks eftir Dr. Charles Ross, sem hefur verið mjög virkur í tónlistarlífinu á Austurlandi um langt árabil og jafnvel víða um heim. Þá er á dagskrá flutningur á sjöundu sinfóníu Ludwig van Beethoven ásamt Danse des spectres et de furies úr Don Juan eftir Christoph Willibald Gluck.

Tækniminjasafn Austurlands

Hæðarlínusandkassi

Tækniminjasafn Austurlands ætlar að smíða sinn eigin hæðarlínusandkassa en síðasta sumar fékkst slíkur að láni frá VA og var það hluti af sýningunni "Búðareyri- saga umbreytinga" en sú sýning er staðsett í Vélsmiðjunni. Kassinn reyndist einna vinsælasti sýningarmunurinn, þá sér í lagi fyrir yngri kynslóðina. Safnið telur því mikilvægt að smíða sinn eigin kassa og setja upp fyrir næsta sumar.

Ráðhildur Sigrún Ingadóttir

Flæði

Námskeiðið Flæði er viðleitni til að dýpka skilning barna á vatni með tilraunum varðandi hreyfingu þess, mótun flæðiforma og teikningu. Á námskeiðinu kynnst þátttakendur viðfangsefninu í gegnum listir, vísindi og leik. Leitast er við að planta fræjum sjálfbærni og skilnings á mikilvægi þess að við vöndum okkur í umgengni við vatn og náttúruna alla. Námskeiðið er haldið af Simon Carter og Ráðhildi Ingadóttur í samstarfi við Tækniminjasafn Austurlands og BRAS. Námskeiðið verður haldið í gömlu Netagerðinni á Seyðisfirði 5. – 8. og 12.- 15.ágúst fyrir börn á aldrinum 8-12 og 13-15 ára.

Tækniminjasafn Austurlands

Hljóðleiðsögn um sýninguna „Búðareyri – saga umbreytinga“

Hljóðleiðsögn á íslensku og ensku um sýningu Tækniminjasafns Austurlands, "Búðareyri- saga umbreytinga", sérstaklega til að bæta aðgengi blindra og sjónskertra að sýningunni. Fólk mun annað hvort geta hlustað á hana með sínum sínum (með því að smella á QR kóða) eða fá viðeigandi tæki lánuð hjá safninu.

Sláturhúsið

ROF – Agnieszka Sosnowska / Ingunn Snædal, sumarsýning 2024

Sýningin ROF skiptist í sjónrænan og ljóðrænan hluta og er samstarfsverkefni Agnieszku Sosnowsku og Ingunnar Snædal. Það byggir á samspili ljósmynda og ljóða sem vitnisburðar um þróun lands og eyðingu. Þær rannsaka þær svörfun sem vindur, sandblástur, vöxtur áa og flóð, frost og þíða, sauðfjárbætt, eldgos, ferðamennska, skriðuföll og skógarhögg hafa haft í för með sér. Sýningarstjóri er Ragnhildur Ásvaldsdóttir.

Soffía Mjöll Sæmundsdóttir Thamdrup

Aðeins kona

Verkefnið er 25 mínútna stuttmynd unnin af ungu kvikmyndagerðarfólki frá Íslandi og Danmörku. Titill verksins er 'Aðeins kona' og fjallar um unga konu í upphafi tuttugustu aldar í Fljótsdal, sem þráir að sanna gildi sitt í karlægu samfélagi sínu og býðst þess vegna til þess að sækja þarf týnt fé af fjöllum. Spilar myndmál, Austfirski náttúran og femínískir undirtónar, stór hlutverk í verkinu.

Jón Sigfinnsson

Vættir Íslands

Vinnuheiti verkefnisins er Vættir Íslands Um er að ræða tölvuleik sem fellur undir eftirfarandi leikjaflokka, *Survival*, *Base building* og *Tower defence*. Leikjaveröldin og saga leiksins mun vera innblásin af Snorra Eddu, Vættum og norrænni goðafræði. Leikurinn mun snúast um hina klassísku baráttu góðs og ills. Spilun leiksins mun felast í því að byggja sér varnarvirki/skýli til að verjast hinu illa sem fer á stjá um nætur.

Juan Jose Ivaldi Zaldivar

Panoramic photography of Austurland

Verkefnið miðar að því að skapa myndabanka af víðmyndum af öllu Austurlandi og stuðla þannig að eflingu ferðaþjónustu á svæðinu, varðveislu á menningarminjum í gegnum ljósmyndun og gerð fræðsluefnis sem fangar fjölbreytileika og sérstöðu hvers bæjarkjarna. Í fyrsta áfanga verkefnisins verður einblínt á Seyðisfjörð og lýkur fyrsta áfanga með sýningu víðmynda í Herðubreið.

Hlín Pétursdóttir Behrens

Tónlistarstundir 2024

Tónlistarstundir er afar vinsæl tónleikaröð sem hefur farið fram í Egilsstaðakirkju og Vallaneskirkju að sumarlagi um rúmlega tveggja áratuga skeið. Fram kemur tónlistarfólk á Austurlandi, tónlistarnemendur af Héraði sem hafa nýlega lokið áfangaprófum, sem og listamenn úr öðrum landhlutum og gestir að utan. Jafnan eru haldnir fimm tónleikar, þrennir á Egilsstöðum og tvennir í Vallanesi.

Lasse Hogenhof Christensen

Seydisfjörður Community Radio – sounds from the margin

Útvarpsútsendingar með áherslu á að taka viðtöl við jaðarsetta listamenn, tónlistarmenn, vistfræðinga, rithöfunda og fólk frá ýmsum stöðum og staðsetningum á Austurlandi. Allar útsendingar verða gerðar aðgengilegar bæði sem beinar stafrænar og FM útsendingar og sem hlaðvarp í útvarpssafni Seydisfjörður Community Radio.

Daria Andronachi

Connected by food!

Matur er leið til að kynnast. Fólk frá mismunandi löndum eldar sérrétti heima hjá sér og deilir með öðrum. Með fjölbreyttu bragði matarins fáum við tækifæri til að uppgötva matarmenningu í öðrum löndum og skiptumst á matargerðarlist. Ljúffeng lýkt af matnum fær fólk til að tala, skemmta sér og aðlagast.

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi

Útgáfa ljóðabóka árið 2024

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi áformar að gefa út tvær ljóðabækur árið 2024. Sú fyrri verður úrval ljóða eftir Antoníus Sigurðsson (1875-1941) sem nefndur var Djúpavogsskáld. Þetta verður tuttugasta og fjórða bókin í flokknum Austfyrsk ljóðskáld. Síðari bókin verður eftir Braga Björnsson frá Surtstöðum í Jökulsárhlíð. Félagið hefur áður gefið út tvær bækur eftir Braga. Sú fyrri kom út árið 2006 en sú síðari, Leiðir hugann seiður, árið 2023.

Ströndin Atelier ehf.

Rúnta photography workshop

Ljósmyndasmiðjan Ströndin Studio býður upp á #Rúnta og miðar að því að veita ungmennum Múlapings skapandi upplifun í tengslum við hátíðina *Ljósmyndadagar á Seyðisfirði*. #Rúnta býður ungu fólki í Múlapingi að taka þátt í skapandi ævintýri og kanna hvernig ljósmyndun getur nýst sem sjónræn samskipti og frásögn. #Rúnta er í senn vettvangsferð, ljósmyndaverkstæði og öflug samvera.

Björg Sigfinnsdóttir

Þróun lista- og menningartengdra minjagripa fyrir Seyðisfjörð/ Austurland

Í þessu verkefni ætlum við að leggja áherslu á þróun lista- og menningartengdra minjagripa fyrir Seyðisfjörð, með von um að geta teyggt anga okkar víðar um Austurland þegar fram líða stundir. Stefnt er að því að setja upp aðstöðu/vinnustofu, þar sem þróun og síðar meir framleiðsla minjagripanna á sér stað að hluta til. Eins er horft til þess að nýta þá aðstöðu sem nú þegar er á svæðinu í samstarfi við þá aðila sem hér eru fyrir.

Apolline Alice Penelope Barra

Fiskisúpa – Ljósmyndasósa 2024

Fiskisúpa- Ljósmyndasósa er röð viðburða sem ætlað er að bjóða ljósmyndurum og myndlistarmönnum að kynna verk sín, spjalla við samfélagið á ýmsum stöðum á Austurlandi. Það er boð á reglulega samfélagsfundi, grunnur fyrir samræður, skipti og miðar að því að virkja og virkja hina ýmsu menningarstaði okkar. Við erum að búa til huggulega stund í kringum heita máltíð með listamönnum.

Apolline Alice Penelope Barra

The CONTAINER

The CONTAINER er endurnýjun hálfháls yfir í mykraherbergi og lítið gallerí. Yfir vetrartímann verður æfinga- og þróunarrými fyrir *analog* ljósmyndara á Seyðisfirði. Á sumrin mun rýmið breytast í nýstárlegt ljósmyndasafn; nýtt rými til að kynna og selja ljósmyndir frá listamönnum á staðnum í gegnum sjálfvirkan sjálfsala samhliða mykraherberginu.

Ragnhildur Rós Indriðadóttir

Ljósmyndasýning í minningu Skarphéðins G Þórissonar, líffræðings og ljósmyndara

Ljósmyndasýning í minningu Skarphéðins G Þórissonar sem hefði orðið sjötugur 20.6.2024. Skarphéðinn átti í fórum sínum mjög mikið af myndum af náttúru Austurlands. Líklega er á engan hallað þegar sagt er að safn hans sé einstakt á landsvísu. Þessar myndir tók hann í sínum fjölmörgu ferðum að kanna ferðir og háttalag hreindýra en þær eru þó ekki einvörðungu af þeim heldur hverju því sem fangaði hans listamannsauga.

Hringleikur – sirkuslistafélag

Sæskrímslin

Sæskrímslin er götuleikhússýning af stærri gerðinni sem sýnt verður á Austurlandi í framhaldi af frumsýningu á Listahátíð í Reykjavík. Sæskrímsli rísa úr sæ og ganga á land í þessari draumkenndu og um leið ágengu sýningu sem höfðar til breiðs áhorfendahóps. Innblástur verksins verður fenginn úr þjóðsagnaarfi Íslendinga. Sýnendur verksins á Austurlandi er sirkuslistafólk í samstarfi við ungmenni úr Múlaþingi og Fjarðabyggð.

Skaftfell

Prentvélar

Síðustu ár hefur hópur samstarfsaðila unnið að því að koma upp faglegu prentaðstöðu á Seyðisfirði. Framtakið er samstarf milli Skaftfells, Listaháskóla Íslands, Linus Lohmann, Lunga Skólans, Heima collective og Tæknimínjasafn Austurlands. Þessi aðstaða er staðgengill fyrir prentaðstöðuna sem var í Tæknimínjasafni Austurlands og gjöreyðilagðist í skriðunni sem féll í desember 2020. Sú aðstaða var mikið notuð af bæjarbúum og listamönnum í áraraðir, bæði í tengslum við fræðsluverkefni og listsköpun. Nýja aðstaðan fékk heitið Prentsmiðja Seyðisfjarðar og er til húsa í Öldugötu 14. Markmið verkefnisins er að búa til faglega prentaðstöðu með öllum helsta búnaði, tækjum og tólum.

Berglind Björgúlfsdóttir

Djúpavogs Djam

Hljómsveitarbúðir fyrir nemendur Djúpavogsskóla vordaga 21.- 24.maí 2024 í samstarfi við Tónlistarskóla Djúpavogs og Þráinn Árna Baldvinsson gítarleikara þungarokkssveitarinnar Skálmaldar og eiganda tónskólans Tónholts í Reykjavík. Markmiðið er að auðga tónlistarlíf bæjarins á Djúpavogi og vonandi fæðast upprennandi hljómsveitir að hljómsveitarbúðunum loknum.